



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um úthringingar til eldri borgara*

Á fundi velferðarráðs þann 24. júní 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi tillögu:

„Í Covid-19 aðstæðunum stóð velferðarsvið fyrir úthringingum til allra Reykvíkinga sem fá heimaþjónustu, búa einir og eru eldri en 85 ára. Verkefnið var samstarfsverkefni Landssambands eldri borgara (LEB) og Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis ásamt Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands. Markmiðið var að veita félagslegan og sálrænan stuðning á þessum erfiða tíma og sporna við einangrun meðal eldri borgara. Í ljósi þess að verkefnið skilaði tilætluðum árangri leggur fulltrúi Flokks fólksins til að því verði framhaldið með eða án samstarfs við LEB eða Félags eldri borgara í Reykjavík. Mikilvægt er að mati fulltrúa Flokks fólksins að halda áfram því sem gengur vel, útvíkka verkefnið og þróa það áfram og umfram allt að gera það að föstu verkefni til framtíðar. Þeir eldri borgarar sem ekki vildu símtal eða símavin núna gætu t.d. viljað síðar og mikilvægt er að stækka þann hóp sem hringt er í. Fyrir þá sem hringja er þetta einnig dýrmæt reynsla og í henni felst oft heilmikill lærdómur.“

Umsögn:

Velferðarsvið hefur haldið áfram samstarfi við Landssamband eldri borgara (LEB), Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrennis (FEB) og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Úthringingarnar hófust í fyrstu bylgju Covid-19 en alls þáðu 160 eldri borgarar símavin. 61 sjálfboðaliði hringdi út, flestir úr röðum eldri borgara. Þar sem verkefnið náði einungis til þeirra sem voru 85 ára og eldri, bjuggu einir og voru með heimaþjónustu hjá velferðarsviði var áhugi í samstarfshópnum að útvíkka verkefnið þannig að það næði einnig til þeirra sem eru án heimaþjónustu og gætu verið félagslega einangraðir. Því var haft samband við Rauða Kross Íslands og óskað eftir samstarfi.

Við upphaf þriðju bylgju Covid-19 var verkefninu hrint í framkvæmd að nýju. Hringt var í alla sjálfbóðaliðana frá því í fyrstu bylgjunni og í þá eldri borgara sem fengu símtöl og símavin og þeim boðið að vera áfram í verkefninu. Rauði krossinn tók svo við framkvæmd verkefnisins og stýrir því.

Í byrjun nóvember hófst svo undirbúningur að útvíkkun verkefnisins á velferðarsviði en þá var ákveðið að hringja í alla eldri borgara í Reykjavík, sem bjuggu einir og voru ekki með þjónustu frá velferðarsviði, eða ekki með í úthringiverkefni fyrstu bylgju Covid-19. Sérstakur starfshópur með fimm fulltrúum frá þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs var settur á laggirnar til að útfæra verkefnið. Markmið verkefnisins var ekki að bjóða fram símavin eins og í fyrra verkefni heldur að ná til allra sem búa einir og kanna hagi þeirra og líðan. Þá er íbúunum bent á að hafa samband við Rauða krossinn ef þeir óska eftir símavini. Í þeim tilvikum sem sjálfbóðaliðar verða varir við mikinn vanda þá fá þeir heimild íbúa til að gera ráðgjafa á þjónustumiðstöð viðvart svo hægt sé að bjóða fram þjónustu. Sjálfbóðaliðarnir eru starfsmenn menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar (MOF), en þar sem starfsemi flestra safna í borginni var skert þann 31. október buðu þeir fram krafta sína til annarra starfa í borginni.

Úthringingar til allra 85 ára og eldri hófust 6. nóvember. Ef verkefnið gengur vel og það næst að hringja í alla 85 ára og eldri sem búa einir verður næst hringt í 80-84 ára og svo loks í 75-79 ára. Umfang verkefnisins veltur á því hversu lengi þjónusta á starfseiningum MOF verður skert. Samanlagður fjöldi eldri borgara í hópnum 85 ára og eldri er 773. Fjöldi starfsmanna frá MOF sem sinna úthringingum eru 32 en auk þess sinna 4 starfsmenn félagsmiðstöðva á velferðarsviði úthringingum. Þann 13. nóvember varúið að hringja í meirihluta hópsins, 85 ára og eldri, eða um 650 manns. Vel hefur gengið að hringja í fólk og íbúar almennt mjög ánægðir með símtalið. Sumir hafa óskað eftir aðstoð frá þjónustumiðstöð og hefur verið brugðist við því. Starfsmenn MOF sem hafa sinnt úthringingum eru hæstánægðir með verkefnið og hafa einnig boðið þeim sem vilja upp á heimsendar bækur og svarað ýmis konar spurningum varðandi þjónustu borgarinnar, t.d. hvort hægt sé að fá heimsendan mat, innlit, hjálp við innkaup, akstur eða annað. Þá hefur verkefnið jafnframt byggt brýr milli starfsmanna á sviðunum tveimur, sem veitir ávísun á frekara samstarf í framtíðinni.

Starfshóparnir tveir, frá fyrstu bylgju og þriðju bylgju munu áfram verða til staðar sem bakland og þróa verkefnið áfram með Rauða krossinum. Verkefnið er því komið til að vera og mun ná til breiðs hóps eldri borgara.